

REGLUGERÐ

um landshlutaverkefni í skógrækt.

1. gr.

Landshlutaverkefni í skógrækt.

Samkvæmt lögum nr. 95/2006 er markmið landshlutaverkefna í skógrækt að skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla atvinnulíf.

2. gr.

Stjórnarsýsla.

Stjórn landshlutaverkefnis í skógrækt ræður framkvæmdastjóra. Hlutverk stjórnar er að öðru leyti skilgreint í starfsreglum sem ráðherra setur og má sjá í viðauka 1. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur landshlutaverkefnis.

Stjórn landshlutaverkefnis og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á rekstri landshlutaverkefnis í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins.

3. gr.

Landshlutaáætlanir.

Fyrir hvert landshlutaverkefni skal gera sérstaka landshlutaáætlun og skal hún unnin af viðkomandi landshlutaverkefni. Landshlutaáætlun skal innihalda:

- Stöðu- og árangursmat fyrir viðkomandi landshlutaverkefni með hliðsjón af markmiðum laga um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006, í samræmi við skipulagsáætlanir og gagnvart annarri opinberri stefnumörkun.
- Stefnumörkun fyrir landshlutaverkefnið til 40 ára þar sem fram kemur framtíðarsýn, markmið, áherslur og forgangsröðun. Stefnumörkun skal endurskoðuð ekki sjaldnar en á 10 ára fresti.
- Framkvæmdaáætlun fyrir landshlutaverkefnið til 5 ára þar sem gerð er grein fyrir samningsbundnum verkefnum, áætluðum verkefnum og áætlun um fjármögnun m.a. með hliðsjón af þingsályktun, sbr. 4. gr. laga nr. 95/2006. Framkvæmdaáætlun skal endurskoðuð eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

Heimilt er að vinna landshlutaáætlanir fyrir tvö eða fleiri landshlutaverkefni sameiginlega.

4. gr.

Umsóknarferli.

Sótt er um þátttöku í skógræktarverkefni á þar til gerðu umsóknarblaði sem er samræmt hjá öllum landshlutaverkefnum í skógrækt og aðgengilegt á vefsíðum þeirra. Þar koma fram upplýsingar um:

- eignarhald, stærð og staðsetningu á landi sem fyrirhugað er að taka til skógræktar eða skjólbeltaræktar,
- umsækjanda (nafn, kennitala, heimilisfang),
- markmið umsækjanda með skógrækt á svæðinu.

Rétt til að sækja um þátttöku hafa eigendur og ábúendur lögbýla. Ábúendur skulu afla sér heimildar landeiganda.

Starfsmenn viðkomandi landshlutaverkefnis meta fyrirhugað skógræktarsvæði m.t.t. skógræktarskilyrða, verndarákvæða og hvort skógræktarsvæðið sé í samræmi við skipulagsáætlanir og taka saman greinargerð sem lögð er fyrir stjórn landshlutaverkefnisins sem tekur afstöðu til umsóknar. Liggi fyrirhugað skógræktarsvæði að landamerkjum skal skógarbóndi kynna afmörkun þess landeigendum aðliggjandi jarða. Skógarbóndi skal tilkynna fyrirhugaða framkvæmd til sveitarstjórnar.

5. gr.

Forgangsröðun umsókna.

Við forgangsröðun umsókna skulu landshlutaverkefni í skógrækt taka mið af landshlutaáætlun, sbr. 3. gr. og landsskipulagsstefnu. Landshlutaverkefnum er heimilt við forgangsröðun umsókna að taka mið af því hvort umsækjandi er búsettur á viðkomandi jörð.

6. gr.

Samningar.

Samningar landshlutaverkefna í skógrækt við þátttakendur skulu vera í samræmi við form í viðauka 2 sem ráðherra staðfestir.

7. gr.

Undirbúningur skógræktar.

Þegar samningi um þátttöku í skógræktarverkefni hefur verið þinglýst skal vinna ræktunaráætlun fyrir viðkomandi svæði. Gagnaöflun um landgæði og form ræktunaráætlana skal fylgja staðli sem gefinn er út af Skógrækt ríkisins og unninn í samráði við landshlutaverkefni (viðauki 4). Ræktunaráætlanir skulu taka fullt tillit til náttúruverndar og umhverfissjónarmiða í samræmi við gildandi lög s.s. varðandi lífríki, fornleifar, náttúruminjar, verndarsvæði og landslag í samræmi við viðauka 3. Ræktunaráætlanir skulu unnar í samráði við viðkomandi þátttakanda í landshlutaverkefni.

8. gr.

Framlög.

Landshlutaverkefni greiða allt að 97% af samþykktum kostnaði við skógrækt samkvæmt ræktunaráætlun. Framkvæmdastjórar landshlutaverkefna í skógrækt skulu ákveða, að fenginni umsögn Landssamtaka skógareigenda, sameiginleg viðmið fyrir landshlutaverkefni um endurgreiðslu samþykks kostnaðar þ.m.t. krónutölu hámarksendurgreiðslu fyrir hverja einingu og hlutfall endurgreiðslu. Til samþykks kostnaðar teljast eftirfarandi:

- a) friðun og varsla skógræktarlands á meðan þess er þörf að mati landshlutaverkefnis,
- b) slóðagerð sem er nauðsynleg vegna gróðursetninga, eftirlits og umhirðu,
- c) jarðvinnsla,
- d) plöntukaup,
- e) gróðursetning,
- f) áburður og áburðargjöf,
- g) umhirða ungskógar skv. umhirðuáætlun og umhirðureglum skv. viðauka 5,
- h) ræktun skjólbelta sem leiða til bættra ræktunarskilyrða í landbúnaði og/eða skógrækt. Landshlutaverkefni setja lágmark á umfang skjólbelta eða skjólbeltakerfa og
- i) aðrar sambærilegar framkvæmdir sem einnig eru tilgreindar í ræktunaráætlun.

Skógarbóndi skal árlega skila framkvæmdaskráningu til landshlutaverkefnis að loknum framkvæmdum. Framkvæmdaskráning er forsenda greiðslu framlaga vegna skógræktarframkvæmda. Uppgjör greiðslu framlaga fer fram að lokinni gæðaúttekt, sbr. 9. gr.

9. gr.

Gæðaúttekt.

Landshlutaverkefni skulu ár hvert meta gróðursetningar að framkvæmdum loknum samkvæmt samræmdu gæðaeftirlitskerfi landshlutaverkefnanna. Við gæðaúttekt skal mat lagt á hvort staðið hafi verið með fullnægjandi hætti að framkvæmdum með hliðsjón af þeim markmiðum sem sett voru fram í ræktunaráætlun, sbr. 7. gr.

Standist framkvæmdir gæðaúttekt er landshlutaverkefni heimilt að greiða allt að 97% af samþykktum kostnaði. Standist framkvæmdir ekki gæðaúttekt skal landshlutaverkefni tilkynna viðkomandi um ástæður þess skriflega og er jafnframt heimilt að fresta greiðslum framlaga til viðkomandi þátttakanda. Þátttakanda skal gefinn hæfilegur frestur til að bæta úr þeim ágöllum sem fram koma í gæðaúttekt, í þeim tilfellum sem það er mögulegt. Geri þátttakandi úrbætur skal landshlutaverkefni leggja mat á hvort þær úrbætur séu fullnægjandi og greiða eftir atvikum framlög í samræmi við

samþykktan kostnað. Sé ekki mögulegt að bæta úr ágöllum skal þátttakanda gefinn frestur til andsvara. Komi ekki fram fullnægjandi skýringar á vanefndum af hálfu þátttakanda falla framlög niður að því leyti sem ágallar gefa tilefni til.

10. gr.

Árangursmat.

Landshlutaverkefni skulu framkvæma árangursmat þar sem metin eru afföll af gróðursetningum. Úttektin skal framkvæmd skv. aðferðarfræði sem samþykkt er af Skógrækt ríkisins.

11. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 11. gr. laga um landshlutaverkefni í skógrækt, nr. 95/2006. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 9. mars 2015.

Sigrún Magnúsdóttir.

Jón Geir Pétursson.

VIÐAUKI 1

Starfsreglur stjórnna landshlutabundinna skógræktarverkefna.

Eftirfarandi starfsreglur eru settar í samræmi við 5. gr. laga nr. 95/2006 um landshlutaverkefni í skógrækt til að tryggja samræmda framkvæmd verkefnanna:

Stjórn hefur á hendi yfirstjórn verkefnisins og samþykkir árlega starfs- og fjárhagsáætlanir þess.

Stjórn fjallar um og samþykkir eða hafnar umsóknum um þátttöku í landshlutaverkefni.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu fylgja stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og öðrum gildandi lögum og reglugerðum.

Stjórn sinnir eftirliti með því að framkvæmd viðkomandi verkefnis sé í samræmi við lög um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006.

Formaður er málsvari stjórnar, kemur fram fyrir hennar hönd og er tengiliður stjórnar við ráðherra. Framkvæmdastjóri kemur fram fyrir hönd verkefnisins og annast samskipti þess við ráðuneytið.

Formaður boðar til stjórnarfunda sem skulu haldnir eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári.

Umhverfis- og auðlindaráðherra ákveður þóknun til stjórnarformanns og annarra stjórnarmanna og er hún greidd af rekstrarfé viðkomandi landshlutaverkefnis. Breytilegur kostnaður svo sem ferðakostnaður og upphald stjórnarmanna vegna funda greiðist af verkefnum.

VIÐAUKI 2

**Samningur um þátttöku í landshlutaverkefni í skógrækt
samkvæmt lögum nr. 95/2006 um landshlutaverkefni í skógrækt.**

Xskógar kt., skv. lögum nr. 95/2006, heimilisfang
og
xxx, kt. xxx skógarbóndi
gera með sér svofelldan samning um nytjaskógrækt á lögbylinu
xxx (landnr. xxx)
með eftirfarandi skilmálum og takmörkunum.

1. gr.

Skógarbóndi skuldbindur sig til að taka til nytjaskógræktar x ha lands. Samningi þessum fylgir kort er sýnir afmörkun hins umsamda svæðis.

Á landinu verður stunduð nytjaskógrækt.

Skógurinn er eign landeiganda og ber að haga meðferð skógarins samkvæmt samningi þessum og eftir leiðbeiningum Xskóga.

2. gr.

Xskógar skulu hafa eftirlit með að allar framkvæmdir séu unnar samkvæmt landshlutaáætlun í skógrækt, sbr. 4. gr. laga nr. 95/2006.

Xskógar skulu vinna ræktunaráætlun í samráði við skógarbónda. Henni skal fylgja verklýsing á hverjum verkþætti, s.s. jarðvinnslu, slóðagerð, gróðursetningu og áburðargjöf.

Heimilt er að áfangaskipta verkefnum á skógræktarsvæðinu og fer það eftir samkomulagi skógarbónda og Xskóga hversu mikið land er tekið til skógræktar í hverjum áfanga. Samningsaðilar geta, ef aðstæður breytast, t.d. við fjárlagagerð, farið fram á endurskoðun ræktunaráætlunar, m.a. um framkvæmdahraða.

Xskógar skulu gera gæðaúttektir á plöntum sem ráðstafað er til skógarbænda.

Xskógar veita leiðbeiningar varðandi tilhögun og frágang allra verka og ber skógarbónda að fara eftir þeim.

3. gr.

Að loknum framkvæmdum vor og haust skal skógarbóndi skila framkvæmdaskráningu til Xskóga. Fjárhagslegt uppgjör til skógarbónda vegna skógræktarframkvæmda hvers árs er háð skilum á framkvæmdaskráningu á formi sem Xskógar leggja til. Uppgjör greiðslu framlaga fer fram að lokinni gæðaúttekt.

Xskógar skulu framkvæma úttekt á unnum verkum í samráði við skógarbónda eftir þörfum hverju sinni. Við úttektina skulu framkvæmdir yfirfarnar og skráðar samkvæmt úttektarkerfi sem í gildi er hjá Xskógum hverju sinni.

Sé framkvæmdum að einhverju leyti áfátt skal gefa skógarbónda tækifæri til að hlutast til um úrbætur ef þess er kostur. Halda má eftir greiðslum meðan á úrbótum stendur. Ekki skal greitt fyrir framkvæmdir sem ekki eru inntar af hendi, eru ekki í samræmi við ræktunaráætlun eða ekki er hægt að bæta úr. Ítrekuð tilvik þar sem ekki er farið eftir ræktunaráætlun geta leitt til uppsagnar samnings þessa skv. 10. gr.

4. gr.

Xskógar greiða allt að 97% af kostnaði við fyrirfram samþykktar framkvæmdir í samræmi við ræktunaráætlun á lögbylinu. Til kostnaðar teljast eftirfarandi framkvæmdir:

- varsla skógræktarlands á meðan þess er þörf að mati landshlutaverkefnis,
- slóðagerð sem er nauðsynleg vegna gróðursetningar, eftirlits og umhirðu,
- jarðvinnsla,

- d) plöntukaup,
- e) gróðursetning,
- f) áburður og áburðargjöf,
- g) umhirða ungskógar skv. umhirðuáætlun og umhirðureglum,
- h) ræktun skjólbelta sem leiða til bættra ræktunarskilyrða í landbúnaði og/eða skógrækt. Landshlutaverkefni setja lágmark á umfang skjólbelta eða skjólbeltakerfa,
- i) aðrar sambærilegar framkvæmdir sem einnig eru tilgreindar í ræktunaráætlun.

5. gr.

Skógarbóndi sér alfarið um vörslu skógræktarlandsins samkvæmt reglum Xskóga þar um.

6. gr.

Bannað er að leggja eld í skógræktarlandið eða brenna þar sinu. Þar er einnig óheimilt að beita búfé. Xskógum er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstakar ástæður mæla með, t.d. við nýtingu beitarskóga og þá eftir þar til gerðri beitaráætlun.

7. gr.

Skógarbónda er heimilt að fengnu samþykki Xskóga að nýta hið samningsbundna land einnig til annarra nota enda stafi skógræktarframkvæmdum ekki hættu af nýtingunni.

8. gr.

Skógarbónda er með öllu óheimilt að ráðstafa plöntum eða trjám sem samningur þessi tekur til nema með samþykki Xskóga.

9. gr.

Óski skógarbóndi eða landeigandi eftir því að losa land í heild eða að hluta til undan kvöðum samkvæmt samningi þessum áður en samningstíma er lokið skal hann endurgreiða framlög ásamt verðbótum samkvæmt vísitölu neysliverðs. Endurgreiðslufjárhæðin lækkar hlutfallslega út samningstímamann og fyrnist um 2,5% á almanaksári, hafi samningur verið virkur í a.m.k. 10 ár, og fellur skuldin niður eftir 40 ár. Framlög sem veitt eru síðustu 10 ár fyrir uppsögn fyrnast þó ekki.

Óski stjórn Xskóga eftir því að losna undan skuldbindingum samnings þessa skal skógarbónda og landeiganda tilkynnt um það með sannanlegum hætti. Uppsögn samkvæmt þessari málsgrein skal tilkynnt fyrir 1. október og tekur gildi frá og með næstu áramótum. Ekki skal endurgreiða samningsbundin framlög vegna uppsagnar samkvæmt þessari málsgrein.

10. gr.

Komi til verulegra vanefnda á samningi þessum og/eða skógræktaráætlun af hálfu Xskóga er skógarbónda heimilt að rifta samningnum að hluta til eða í heild. Skógarbóndi og/eða landeigandi á ekki rétt á skaðabótum kjósi hann að rifta samningnum.

Komi til verulegra vanefnda af hálfu skógarbónda á skyldum hans samkvæmt samningi þessum og/eða ræktunaráætlun ber samningsaðilum að leita leiða til úrbóta. Til verulegra vanefnda telst t.d. ef skógarbóndi skýrir rangt frá staðreyndum sem máli skipta eða vanefnir að öðru leyti skyldur sínar ítrekað, eða í veigamiklum atriðum. Ef skógarbóndi grípur ekki til úrbóta að áliðnum tímabundnum fresti sem Xskógar setja honum, þá er Xskógum heimilt að rifta samningnum og krefjast endurgreiðslu framlaga af skógarbónda. Um endurgreiðslu skal þá fara skv. 1. mgr. 9. gr. þessa samnings. Áður en tekin er ákvörðun um riftun skal skógarbónda gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri. Ákvörðun um riftun skal rökstudd og má skjóta henni til ráðherra innan 30 daga frá því að hún var kynnt hlutaðeigandi. Kæra frestar því að ákvörðun verði virk. Ef landeigandi er ekki jafnframt skógarbóndi skal upplýsa landeiganda um slíkar vanefndir skógarbónda.

11. gr.

Skógarbóndi samkvæmt samningi þessum getur sótt um skráningu á virðisaukaskattsskrá skv. 6. gr. reglugerðar nr. 515/1996 um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila. Ákvörðunarvald um skrán-

ingu er í höndum ríkisskattstjóra, sem leggur mat á það hvort öll skilyrði til skráningar séu uppfyllt. Á grundvelli þeirrar skráningar getur skógarbóndi fengið virðisaukaskatt, af aðföngum er eingöngu varða umsamda nytjaskógrækt, endurgreiddan í formi innskatts með þeim takmörkunum sem leiða af lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og reglugerð nr. 192/1993, um innskatt.

Verði breyting á notum, eignarheimild eða afnotarétti umsamins lands til nytjaskógræktar, ber skógarbónda að tilkynna ríkisskattstjóra þar um áður en not breytast eða þinglýst er eignarheimild eða leigusamningi. Skógarbónda sem hættir nytjaskógrækt, og tilkynnir sig af þeim sökum út af virðisaukaskattsskrá eða er tekinn af grunnskrá á grundvelli úrskurðar ríkisskattstjóra, ber að telja til skattskyldrar veltu verðmæti véla, tækja og annarra rekstrarfjármuna.

Miða ber verðmæti (skattverð) við almennt gangverð á þeim tíma þegar starfsemi er hætt. Innskatt vegna framkvæmda á fasteignum, sem falla undir 2. tölul. 1. mgr. 12. gr reglugerðar nr. 192/1993, ber hins vegar að leiðrétta (bakfæra) í samræmi við ákvæði 14. gr. sömu reglugerðar, ef fasteign er seld, leigð eða tekin til annarra nota þar sem ekki heimilast innskattsfrádráttur eða minni innskattsfrádráttur. Leiðréttingarskyldan varir í 20 ár, talið frá og með þeim mánuði þegar framkvæmd fór fram.

Grein þessi er háð breytingum á viðkomandi lögum og reglugerðum.

12. gr.

Um almannarétt, umgengni og útivist fer skv. III. kafla laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Ákvæði þessa samnings taka til alls skógræktarsvæðisins, sbr. 1. gr. Samningur þessi gildir til 40 ára.

Að öðru leyti en greinir í samningi þessum fer um ræktun og meðferð skógarins á landinu eftir skógræktarlögum og öðrum lögum eftir því sem við á.

Í samningi þessum og fylgiskjölum hans er fylgt leiðsögn skógarbónda varðandi ytri mörk skógræktarlandsins og ekki er tekin afstaða til landamerkja jarðarinnar.

13. gr.

Segi skógarbóndi, sem ekki er jafnframt landeigandi, upp ábúð sinni gagnvart landeiganda eða landeigandi segir skógarbónda upp ábúð vegna vanefnda ábúandans, sbr. 34.-37. gr. ábúðarlaga nr. 80/2004, fer um uppgjör þeirra á milli (úttekt) vegna skógræktarinnar skv. 2. mgr. 38. gr. og 5. mgr. 41. gr. ábúðarlaga nr. 80/2004.

14. gr.

Af samningi þessum eru gerð þrjú samhljóða frumrit og heldur skógarbóndi einu. Afrit af samningnum skal senda til viðkomandi sveitarfélags og til landeiganda, ef hann er ekki jafnframt skógarbóndi.

Samningi þessum skal þinglýst sem kvöð á jörðina X er skuldbindur landeiganda og þá sem síðar kunna að öðlast réttindi yfir jörðinni, þ.m.t. leigurétt. Xskógar annast þinglýsingu og greiða kostnað sem af henni leiðir. Xskógar senda skógarbónda ljósrit af þinglýstum samningi.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir dómþingi viðkomandi héraðsdóms nema samkomulag verði um annað.

VIÐAUKI 3

Leiðbeiningar um nýræktun skóga.

Þessar leiðbeiningar skulu hafðar til hliðsjónar við skipulag skógræktar á vegum landshluta-verkefna í skógrækt.

Landi má almennt skipta í þrennt m.t.t. takmarkana á skógrækt:

- A. Land þar sem almennt er ekki gert ráð fyrir skógrækt.
- B. Land þar sem skógrækt er háð sérstökum skilyrðum.
- C. Land þar sem ekki eru sérstakar takmarkanir aðrar en þær sem koma fram í ræktunaráætlun.

A. Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir skógrækt.

Friðlýstar náttúruminjar, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, náttúruvætti, friðlýstar lífverur, búsvæði, vistgerðir og vistkerfi, og fólkvangar.

Fornleifar og friðhelgað svæði þeirra.

Svæði sem eru ætluð undir annað í skipulagi s.s. vegir, loftlínur og jarðstrengir.

Brunnsvæði vatnsbóla.

B. Svæði þar sem skógrækt er háð sérstökum skilyrðum.

Skógrækt og aðrar framkvæmdir sem henni tengjast geta verið háðar mati á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfi sveitarfélags og ber að tilkynna nýskógrækt allt að 200 ha til viðkomandi sveitarstjórnar og nýskógrækt 200 ha eða meira til Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum.

Hverfisverndarsvæði skv. skipulagsáætlunum.

Jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar.

Fundarstaðir plantna á válista.

Mikilvæg svæði fyrir fugla (IBA).

Votlendi. Almenna reglan er sú að lítt eða óröskuð votlendi skal ekki taka til skógræktar.

Birkiskógar. Almenna reglan er sú að ekki skal gróðursetja aðrar trjátegundir í birkiskóga.

Aðrar áætlanir s.s. náttúruverndaráætlun.

Svæði sem njóta verndar samkvæmt samþykktum alþjóðlegum samningum s.s. Ramsarsamningnum (votlendi), Bernarsamningnum (verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu) og Heimsminjaskrá (Þingvellir). Einnig er Ísland aðili að alþjóðlegum samningum, sem hafa áhrif á nýræktun skóga, án þess þó að taka til ákveðinna svæða. Þetta eru samningurinn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni (*UN convention on biological diversity*) og samningurinn um varnir gegn eyðimerkurmyndun (*UN convention to combat desertification*).

Vatnsverndarsvæði.

C. Land þar sem ekki eru sérstakar takmarkanir.

Gætt er að eftirfarandi í landvali og ræktunaráætlun:

Að skógur falli vel að landslagi og að mikilvægir útsýnisstaðir séu varðveittir.

Að skógrækt skaði ekki nærliggandi svæði í A- eða B-flokkum.

Að nauðsynleg jarðvinnsla og slóðagerð valdi ekki jarðvegsrofi.

Að skógurinn nái sem best þeim markmiðum sem sett eru við ræktun hans.

VIÐAUKI 4**Innihald ræktunaráætlunar.****Texti:**

Svæðislýsing: Staðsetning jarðar og stærð, stærð samningssvæðis, lýsing á jörðinni.

Landnýting: Hvernig er landnýtingu háttað á jörðinni.

Jarðvegur og gróðurfar: Almenn um jarðveg á jörð, helstu einkenni og gróðurfar.

Veðurfarsskilyrði: Notast við gögn frá nærliggjandi veðurathugunarstöðvum og upplýsingar frá landeiganda.

Verndarsvæði (náttúru, menningarminjar): Tilgreina þau ef einhver eru.

Skilyrði til skógræktar: Almenn um skógræktarskilyrði á svæðinu.

Markmið skógræktar: Setja fram skýr markmið.

Tegundaval: Hvaða tegundir verða gróðursettar í landið, almenn um þær og af hverju þær eru valdar.

Undirbúningur lands: Er jarðvinnsla nauðsynleg og hvernig jarðvinnsla hentar best.

Skógarreitir: Almennur texti um reitina, styttri útgáfa kemur með í töflu.

Framkvæmdir: Almenn um framkvæmd, þéttleika gróðursetningar, í hvaða röð er framkvæmt, hverju þarf að huga að o.s.frv.

Brunavarnir: Hugsanlegir staðir til að komast í vatn, hvaða vegir geta nýst slökkviliði, hvar getur helst kviknað í og hvaða verðmæti þarf helst að verja ef bruni verður.

Aðalskipulag: Kanna þarf hvort áætlunin samræmist gildandi aðalskipulagi í viðkomandi sveitarfélagi.

Útskýringar á upplýsingum og skammstöfunum í töflum eins og þörf er á.

Töflur:

Grunnupplýsingar: Yfirlit yfir reitanúmer, stærð í ha, gróðurfar, gróðurþekju og jarðvegsdýpt á hverju svæði í samræmi við kort með númeruðum reitum.

Ræktunaráætlun: Tillaga að framkvæmd í hvern reit s.s. trjátegunndir, þéttleika gróðursetningar, fjölda plantna af hverri tegund og jarðvinnslu ef við á í samræmi við kort með númeruðum reitum.

Yfirlit: Samantekt yfir áætlaðan fjölda plantna af hverri tegund og hektarafjölda með hverri jarðvinnsluaðferð.

Kort:

Reitakort: Afmörkun reita með loftmyndinni undir þannig að allar útlínur reita séu sem greinilegastar og hver reitur hefur númer sem er í samræmi við töflur sem sýna gróðurfar og ræktunaráætlun.

Trjátegunndir: Yfirlit fyrir trjátegunndir og tegundablöndur.

Undirbúningur lands: Yfirlit fyrir undirbúning lands fyrir skógrækt, s.s. jarðvinnslu og landgræðslu.

Brunavarnir: Kort sem sýnir núverandi og fyrirhugaða slóða, læki, vatnstökustaði, hættustaði o.fl. sem máli skiptir fyrir brunavarnir.

Verndarsvæði: Kort sem sýnir staði sem ákveðið er að vernda sérstaklega fyrir skógrækt eða taka tillit til við ræktunina.

VIÐAUKI 5

Umhirðureglur ungsjóga landshlutaverkefna í skógrækt (LHV).

Samkvæmt samningi um nytjaskógrækt skulu landshlutaverkefni í skógrækt greiða fyrir umhirðu ungsjóga.

Eftirfarandi reglur gilda um verklag og stuðning vegna millibilsjöfnunar (*e. precommercial thinning*) og grisjunar. Aðrir umhirðuþættir s.s. tvítoppaklipping og uppkvistun eru ekki styrktir með fjárframlagi frá viðkomandi LHV:

LHV styrkja millibilsjöfnun eða fyrstu grisjun í hverjum reit samkvæmt umhirðuáætlun. LHV styrkja einnig kjarrhreinun, þar sem þess er þörf að mati landshlutaverkefnis.

Skógarbændum er heimilt að nýta tré sem jólatré úr þeim reitum þar sem þörf er á millibilsjöfnun. Sækja þarf um jólatrjáatöku til viðkomandi landshlutaverkefnis fyrir 1. september ár hvert. Starfsmenn landshlutaverkefna meta hvort og hve mikið af trjám er tekið úr hverjum reit. Til reita þar sem skógarbóndi hefur tekið jólatré er ekki veitt framlag vegna millibilsjöfnunar.

Skógfræðingar á vegum LHV vinna umhirðuáætlanir (*n. driftsplan*) sem fara skal eftir við grisjun í þeim reitum skógarins sem um ræðir. Sé rétt að aðgerðum staðið ættu næstu grisjanir að standa undir sér og líkur á að öll umhirða verði fjárhagslega sjálfbær upp frá því. Fjárhagslegum stuðningi LHV vegna umhirðu lýkur þar með í viðkomandi reit, en samkvæmt verkefnunum er veitt fagleg ráðgjöf út samningstímann. Aðferð við umhirðu ræðst af aldri og ástandi skógarins og getur verið eftirfarandi:

A. Millibilsjöfnun (sjá verklagsreglur verkefnanna í leiðarvísinum „Umhirða í ungsjógi“)

Skógareigandi fær greitt samkvæmt taxa. Við uppgjör er tekið tillit til verkgaða og upphafsþéttleika skógarins.

Skógareigandi nýtir efnið úr skóginum eins og honum hentar.

Kjósi skógareigandi að vinna ekki verkið sjálfur getur hann ráðið sér verktaka. LHV aðstoðar við að finna verktaka. Nauðsynlegt er að vel sé staðið að verkinu til að uppfylla gæðakröfur. Skógareigandi ber ábyrgð á framkvæmdum á jörðinni og getur stöðvað vinnu verktaka og farið fram á endurskoðun verklýsingar. Á sama hátt getur LHV stöðvað framkvæmd séu vinnubrögð ekki í samræmi við verklýsingu. Séu ekki gerðar athugasemdir á framkvæmdatíma verksins fyrirgerir skógareigandi rétti sínum til athugasemda síðar, enda liggja fyrir undirrituð verksamþykkt.

B. Fyrsta grisjun (í reitum sem ekki hafa verið millibilsjafnaðir).

Alla grisjun reita sem eru stærri en 3 ha skal bjóða út og minni reita óski skógareigandi eftir því.

Tekjur að frádregnum framkvæmdakostnaði renna óskiptar til skógareigandans. Ef útkoman er neikvæð greiðir viðkomandi LHV mismuninn. Allar grisjunarframkvæmdir eru háðar samþykki viðkomandi LHV.

LHV ákveða hvar verður millibilsjafnað/grisjað á hverjum tíma og ræðst það af grisjunarþörf og fjárframlögum á hverjum tíma. Gerð skal verklýsing sem skógareigandi samþykkir með undirritun áður en verkið hefst.

Greiðslur fyrir umhirðu ungskóga eru samkvæmt gjaldskrá sem LHV setur árlega.

Skógareigandi ber ábyrgð á því að kalla eftir umhirðu í sínum skógi á réttum tíma.

Orðaskýringar:

Umhirða: Öll meðhöndlun gróðursettra trjáa á vaxtarskeiði.

Millibilsjöfnun (bilun/grisjun (e. precommercial thinning)): Umhirðuþáttur til að jafna bil á milli trjáa, auka vaxtarrými og þar með vöxt eftirstandandi trjáa, fjarlægja gölluð tré og auka vægi tegunda sem ætlunin er að verði áfram í skóginum. Millibilsjöfnun er æskileg þegar skógurinn er kominn í ákveðna hæð sem er misjöfn eftir tegundum. LHV gefa út viðmið fyrir hverja tegund. Millibilsjöfnun er hugsuð sem fjárfesting til framtíðar og felst ávinningurinn einkum í því að þvermálsvexti er viðhaldið á bestu trjám. Millibilsjöfnun getur einungis átt sér stað einu sinni í hverjum reit.

Fyrsta grisjun: Umhirðuþáttur í skógi sem ekki hefur verið millibilsjafnaður en er vaxinn upp úr millibilsjöfnunarhæð.